

Nefndarálit

um skýrslu starfshóps um endurskoðun framtíðarskipanar Þjóðkirkjunnar o.fl.

Frá löggjafarnefnd

Frsm. Stefán Magnússon

Löggjafarnefnd hefur fjallað um skýrsluna, sem starfshópur kirkjuþings gerði. Löggjafarnefnd tekur undir þau sjónarmið, sem sett eru fram í skýrslunni.

Þjóðkirkjulögin fjalla um þjóðkirkjuna sem eina skipulagsheild sem gert er að halda úti tiltekinni þjónustu eins og segir í 3. gr.: „Þjóðkirkjunni ber að halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni. Prestar og djáknar gegna vígðri þjónustu í þjóðkirkjunni. Þjóðkirkjan heldur úti ýmiss konar fræðslu og kærleiksþjónustu, eftir því sem við verður komið.“ Þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo, að út frá lagalegu hlutverki beri að líta á þjóðkirkjuna sem eina heild sem starfar út frá einu skipulagi í þeim tilgangi að „halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni“. Það er hlutverk kirkjuþings að tryggja að svo sé.

Um hlutverk kirkjuþings segir svo í 7. gr. þjóðkirkjulaga: „Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárfstjórnarvald, nema lög kveði á um annað. Kirkjuþing markar stefnu þjóðkirkjunnar í sameiginlegum málefnum hennar, öðrum en þeim sem lúta að kenningu hennar.“ Samkvæmt þessu er kirkjuþing æðsta stjórnvald Þjóðkirkjunnar og ber ábyrgð á starfsemi hennar. Kirkjuþing setur starfsemi Þjóðkirkjunnar stefnumiðaða fjárhagsáætlun og ákveður í ljósi þess, hvernig skuli haga daglegri eftirfylgni og framkvæmd ákvarðana þess. Í því tilliti heyrir allur veraldlegur rekstur og starfsemi Þjóðkirkjunnar hvort sem hún er á ábyrgð biskups eða annarra undir lögsögu kirkjuþings. Kirkjuþing ákveður skipan prófastdæma og prestakalla og hvernig vígðri þjónustu skuli skipað í landinu. Löggjafarnefnd leggur til að kirkjuþing samþykki eftirfarandi

Þingsályktun:

Kirkjuþing 2023-2024 samþykkir að skýrslan á þingskjali 81, í máli nr. 53 frá kirkjuþingi 2022-2023 skuli liggja til grundvallar skipulagi yfirstjórnar Þjóðkirkjunnar. Kirkjuþing samþykkir þau skipurit sem birtast á bls. 6 og 9 í máli 53, þingskjali 81.

Jafnframt samþykkir kirkjuþing að kosin verði þriggja manna stjórn sem þiggi umboð sitt frá kirkjuþingi. Stjórnin skuli kosin til eins árs í senn þannig að tveir stjórnarmenn

komi úr hópi kirkjuþingsfulltrúa, annar úr hópi vígðra en hinn úr hópi leikmanna. Þriðji stjórnarmaðurinn, formaður stjórnar Þjóðkirkjunnar, skal ekki eiga sæti á kirkjuþingi. Hann skal tilnefndur af forsætisnefnd og formönnum fastanefnda kirkjuþings. Tillaga um hann skal borin upp á kirkjuþingi til samþykktar eða synjunar. Stjórnarfolk skal víkja úr sæti þingfulltrúa á meðan stjórnarsetu stendur og varamenn koma í þeirra stað.

Bryndís Malla Elísdóttir, formaður löggjafarnefndar, stendur ekki að afgreiðslu málsins. Elínborg Sturludóttir sat hjá við afgreiðslu málsins og Kristrún Heimisdóttir var fjarverandi.

Reykjavík, 13. nóvember 2023.

Löggjafarnefnd.

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Jóhanna Gísladóttir.

Konráð Gylfason, varaform.

Magnús Erlingsson.

Óskar Magnússon.

Stefán Magnússon.